



Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

16. tbl. Mars 1978



Það er ekki draumur fyr en samband er við annars meðvitund.
Helgi Pjeturss

Stjörnuhröp

(Sjá forsíðumynd)

Víða var sú trú ríkjandi áður fyrr, að stjörnuhröp boðuðu dauðsföll og þóttust margir geta merkt sannleiksgildi þeirrar trúar. Fræg er saga ævintraskáldsins danska, H. C. Andersens, um litlu stúlkuna með eldspýturnar, en þar kemur stjörnuhrap við sögu, og boðar dauða sögupersónunnar. Fólk þekki ég, sem telur sig hafa reynslu fyrir því, að stjörnuhrap við ákveðnar aðstæður, var fyrirboði um dauðsfall.

Ef staðið er úti undir heiðskýrum himni á vetrarkvöldi, og horft upp í himinbláa hvelfinguna, stjörnum skrydda, fer ekki hjá því að stjörnuhröp sjáist, fleiri eða færri. Að meðaltali sjást um 10 stjörnuhröp á klukkustund með berum augum, frá hvaða stað sem er á jörðinni.

Stjörnuhröpin eru litlar efnisagnir, sem koma með miklum hraða utan úr geimnum, og lenda í aðdráttarviði jarðarinnar. Þegar þær koma inn í gufuhvolfið, glóhitna þær og mynda langar geislarákir á himninum og eyðast vegna hitans og núningsins við loftagnirnar.

Nokkrum sinnum á ári liggur braut jarðar gegnum mikla straura loftsteina, og virðist þá, eins og stjörnuhröpin komi úr einhverri ákveðinni átt, t. d. frá ákveðnu stjörnumerki og eru þá kennd við þau. Slíkum ákveðnum loftsteinabrautum hafa verið gefin sérstök nöfn: t. d. Persítar, sem stefna í átt frá stjörnumerkinu Perseus og sjást frá 27. júlí til 17. ágúst ár hvert; Leonítar sjást venjulega 14. til 18. nóvember og stefna frá stjörnumerkinu Ljéninu. Fleiri loftsteinasveimar skera braut jarðar um sólu.

Álitið er, að loftsteinar, stórir og smáir, gangi eftir mjög aflöngum brautum um sólina, líkt og halastjörnur, og sumir loftsteinasveimar virðast standa í nánu sambandi við ákveðnar halastjörnur og virðast þessar smásteinaagnir dreifðar eftir endilöngum brautum þeirra.

Allar hinar örsmáu efnisagnir eyðast er þær koma inn í lofthjúp jarðar, en nokkrir stórir loftsteinar eða vígahnettir komast heilir alla leið til jarðar, og hafa fundist á ýmsum stöðum. Loftsteinn, sem vegur um 65 tonn, fannst í Afríku, og er sá stærsti, sem fundist hefur heill. Nokkrir stórir loftsteinar hafa verið settir á söfn, og hafa verið rannsakaðir af vísindamönnum.

Myndin á forsíðu sýnir stjörnuhröp, eins og þau verða þéttust, þegar jörðin fer í gegnum loftsteinasveim, og sýnir ljóslega, hvernig þau eins og koma öll frá ákveðnum bletti á himninum.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er fengin úr: „Astronomy for the Amateur“, eftir John Gribbon.

Erindi og greinar

ÚT ÚR ÞOKUNNI — GEGN DULRÆNUNNI

„Íslensk heimsfræði og trúin á endurburð, reincarnation“ er fyrir sögn ritgerðar einnar í Ennýal, og þykir mér sem lestur hennar ætti að geta nægt til að gera hverjum manni ljóst, að sú trú byggist á misskilningi. Séð út frá því dæmi, sem þar er rakið, liggur ljóst fyrir, hvernig sá misskilningur er tilkominn, enda ætti ættgengið eða vitneskjan um það, hvernig hver einn er tilorðinn, að gera óhugsanlegt, að nokkur geti nema einu sinni vaxið fram af fóstri. En eins og ritgerð þessi sker úr um þetta, eða ætti að geta skorið. Þannig ættu greinar mínar, „Sambandsskyn en ekki sálfarir“ og „Hið skiljanlega og hið óskiljanlega“, sem lesa má í bók minni „Drauma og svefn“, að gera það ljóst, svo að ekki þurfi um að villast, að trúin á sálfarir muni einnig ævinlega byggjast á misskilningi.

Til stuðnings þeim skilningi, sem ég hefi verið að halda fram varðandi hina svokölluðu dulskyggni, vil ég benda á ritgerð í Nýal, „Sambandstilraunir Grikkja“, en þar segir: „Mystia voru þessar samkomur kallaðar, en ég hygg, að mysterion þýði ævinlega það, sem fram fer að augunum lokuðum . . . Mystis þýðir eiginlega sá sem hefir aftur augun, og af því hátíðamann, sem sér með lokuðum augum. Epotes þýðir áhorfandi, sá sem sér með því að líta augunum til. Mystic sáu í huga sér, vegna sambands við sýngjafa, eins og séð er í draumi eða sambandsástandi miðils. Epoptia sáu með opnum augum, og það sem þeir sáu, voru líkamningar. Samstillingin var þar fullkomnari og sambandið við hinar æðri verur, en hjá Mystic, og guðirnir gátu á því aflsvæði, sem þannig kom fram, gert sér líkama og birzt þannig í ljósi miklu. Fannst þeim mikið um er sáu“.

Þetta, sem hér var nú rakið, ætti að geta gert hverjum manni ljóst, hver skilningur Helga Pjeturss muni hafa verið varðandi „dulskyggnina“. Samkvæmt þeim skilningi er hún ekki falin í

neinum sérstökum augnhæfileika, og var mér þetta þó ekki ljóst fyrst eftir að ég hafði lesið Nýal. Lengi eftir það hafði ég ekkert við það að athuga, þegar ég heyrði fólk tala um „skyggna menn og óskyggna“ í þeim skilningi, að hinir fyrrnefndu sæju stundum í umhverfi sínu það, sem hinum væri ósýnilegt, og sýnir þetta vel, hve þrálát dulhyggjan getur verið jafnvel í hugum þeirra, sem halda sig hafa hafnað henni. En auk þess að ég hefi nú um skeið leitast við að leiðrétta þennan ríkjandi misskilning manna á eðli „sálfara“ og „dulskyggni“, hefi ég einnig reynt að leiðrétta skilning manna á því, hvernig hinar svokölluðu „andamyndir“ verða til. Hefi ég séð því haldið fram, að slíkt verði vegna þess, að ljósmyndafilman sé næmari heldur en mannsaugað, og að þessvegna geti hún tekið á móti endurvörpuðum ljósáhrifum frá ósýnilegu nálægu fólki. En leiðréttingin þar þykir mér sem vera muni sú, að fyrir stilliáhrif myndatökumannsins og hinna viðstöddu fyrir-sitjara sé þarna um beina fjargeislan að ræða, en ekki venjulega ljósmyndatöku, og hefi ég þegar fengið nokkra staðfestingu þess. — Eins og fram kemur í hinum tilfærða kafla úr Nýal hér að framan, þá urðu guðirnir því aðeins augnsælegir, að þeir efnuðust meðal hinna viðstöddu hátíðargesta, og mun byrjun til slíks, eins og ég annarsstaðar hefi tekið fram, ævinlega vera framkoma móðu eða þokubjarma, sem svo tekur á sig ákveðið mót eða svip. Byrjunin til líkömnunar mun ævinlega vera efnun, og er því naumast ástæða til að gera nokkru sinni ráð fyrir ósýnilegri nálægð látinna manna eða annarra. Hafi einhver séð svip framlíðins manns án þess að hann hafi þá verið öðrum sýnilegur, þá hefir sá svipur verið honum sambandsséður, sem ævinlega er hið sama og að hafa verið fjarskynjaður. En hverju verður þá til að svara, þegar um skynjanir var að ræða, þar sem um engan sýnilegan skynjana-gjafa virðist hafa verið að ræða?

Í „Hemingsþætti hins fjarræna“ í Nýal segir frá því, að Sir William Crookes styður fingri á blað á borði fyrir aftan hann og biður sambandsveruna að skrifa orðið, sem sé undir fingri hans. Ríttækið í hönd stúlkunnar (miðilsins) skrifar seint og erfiðlega orðið however, og var það rétt. Og nú spyr höfundur Nýals, hver það muni hafa verið, sem kunni svona undursamlega til fjarskynjana. Og svar hans er ekki á þá leið, sem ýmsum kynni þó að virðast nær óhjákvæmilegt. Hann telur það ekki hafa verið nærstaddan ósýnilegan anda einhvers framlíðins manns, sem gægst hafi þarna undir fingur vísindamannsins eða séð gegnum hann. Hann telur

Það samkvæmt stjörnulíffræði sinni og hinni ófrávíkjanlegu efnis-
hyggju náttúrufræðingsins, að það hafi hlotið að vera íbúi annars
hnattar, þar sem betur hafi verið komið á vitleið en á jörðu hér.
Efnisvana eða líkamalaus lífstilvera hlýtur ævinlega að vera ó-
skiljanleg, og breytir þar engu, hvaða heiti henni væri gefið né
heldur hitt, hvort um væri að ræða tilveru nýlátins manns eða
löngu liðins.

Þorsteinn Jónsson á Úllfssiöðum.

ENDURFÆÐING

Í LJÓSI KENNINGA DR. HELGA ÞJETURSS

Það hefur verið trú manna lengi, að endurfæðing eigi sér stað.
Hún byggist á þeirri staðreynd, að til er fólk, sem hefur þá hæfi-
leika, að geta lýst æfiskeiði einstakra látinna manna með svo
mikilli nákvæmni, að undrun sætir. Vitað var, að þetta fólk hafði
ekki getað fengið þessar upplýsingar eftir þeim leiðum, sem vísindin
viðurkenna. Flestir sem hafa þessa hæfileika, telja víst og álíta,
að það hafi lifað hér áður, jafnvel mörg æviskeið.

Þeir, sem aðhyllast þessa kenningu, telja tilganginn vera þann,
að bæta fyrir fyrra lífernir og bæta við þroska sinn á þann hátt.
En það er ekki nægilegt, að líta í austur og sjá sólina koma upp.
Eftir því er ekki mögulegt að sjá annað og skilja, en að sólín
snúist um jörðina. Nú vita menn betur og einnig það, að ekki
er allt sem sýnist.

Það er vitað, að allar lifandi frumur gefa frá sér „Lífgeislan“
(sem sumir kalla „áru“). Þegar tvær frumur sameinast, þá gerir
geislunin meir en að tvöfaldast, hún margfaldast. Þannig er það
með getnaðarfrumurnar. Lífgeislan stafar frá hverri sáðfrumu (karl-
frumu) og hverri eggfrumu (kvenfrumu). Við frjóvgun sameinast
þær og eggíð lokar frjóíð inni. Þá fastmótast erfðaeiginleikar þess
og lífgeislanin magnast.

Um það bil fyrstu tvær vikurnar er barnið að mótast eftir lífs-
skeiði forfedra sinna, sem tók milljónir ára að verða það sem
maðurinn er nú. Með öðrum orðum, fyrst er þetta eins og blóð-
kökkur, síðan tekur það á sig ýmsar dýramyndir, áður en manns-
myndin kemur á barnið.

Talið er, að um fjögurhundruð þúsund egg séu í eggjakerfinu og að þrjú til fjögur hundruð þúsund egg losni á frjósemisheiði konunnar. Talið er, að 300—400 milljónir frjóa keppi um hvert egg. Það er því tilviljunarkennt, hvaða fruma hittir eggjið. Hver fruma hefur 46 litninga, nema frjó og egg, er hafa 23 litninga hver. Þegar þær sameinast, verður litningafjöldinn fjörutíu og sex. Það táknar, að nýtt barn hefur myndast, sem hefur þá erfðaeiginleika og það „Ég“, sem ekkert annað barn hefur haft áður. Barnið öðlast þá eitthvað af þeim erfðaeiginleikum, sem foreldrar hafa og forfeður og er því nýtt líf, en ekki endurtekið líf.

Vitað er, að karl- og kvenfruma hafa fleiri ólíka eiginleika, en stærð og lögun. Litlu „karl“-frumurnar eru léttari og lifa skemur en kvenfrumurnar.

Eftir ofangreinda hugleiðingu má ráða, að mínu viti, að endurfæðing getur ekki átt sér stað. En hitt er annað mál, að ég er ekki að segja, að þetta fólk hafi ekki eitthvað til síns máls. En það er ekki nein sönnun fyrir endurfæðingu, þó ófreskir menn fái vitneskju um fyrra líf látinna manna.

Vísindamenn nú á dögum viðurkenna hugsanaflutning og sumir þeirra telja víst, að um tilfinningaflutning sé einnig að ræða. (Samanber eineggja tvíburum, þegar annar er veikur og hinn fær sömu veikina, en ekkert finnst að honum). Þannig er það með fólk, sem telur sig hafa lifað áður. Það fær með hugsanaflutningi og tilfinningaflutningi, samband við einhvern dáiinn mann, sem hugsar til fyrri heimkynna sinna og ættingja. Allt sem maðurinn sér, hugsar og finnur, geislar sér frá viðkomandi manni til þess heila, sem fær er um að taka á móti. Sambandið þarna á milli er orðið svo sterkt hjá ofangreindum aðila, að honum finnst hann hafa verið þessi dái maður í fyrra lífi.

*Þorbjörn Ásgeirsson,
Brattablið 9, Akureyri.*

NOKKUR SANNLEIKSKORN UM TILVERUNA

I. HIN ÆÐSTA VERA

Öll tilveran, allur alheimurinn, allar lifandi verur og allt lífvana efni er byggt upp af samstæðum efnisögnum, frumeindum og sameindum, og litsjarkannanir sýna svo ótvírætt er, að allar sólir og allar vetrarbrautir samanstanda af samskonar frumefnum og þeim, sem þekkt eru á okkar jörð.

Ekkert annarskonar efni, en það sem hér þekkt mun vera til í alheimi. Þetta efni hefur í sér fóligna óendanlega möguleika til þróunar, og er lífið þar ekki undanskilið. Á okkar jörð þekkjum við hin mörgu stig þess, allt frá hinum smæsta einfrumungi til mannsins, sem telja verður þróuðustu vitveru þessa hnattar. En ástæðulaust er annað, en að gera ráð fyrir miklu vitþróaðri og máttugri verum sumstaðar annarsstaðar í alheimi. Við getum jafnvel gert ráð fyrir, að til séu svo háþróaðar, máttugar og kærleiksríkar verur í öðrum sólhverfum og öðrum vetrarbrautum, að langt taki fram þeim hugmyndum, sem við menn höfum hingað til gert okkur um guð eða guði.

Dr. Helgi Þjeturs, gerir ráð fyrir að til séu jafnvel heilar vetrarbrautir, byggðar máttugum, guðlegum viskuverum, svo alsamstilltum, að vit og máttur hverrar einnar sé í öllum og allra í hverri einni. Þessar alsamstilltu verur mætti kalla hina æðstu veru, og mun hún vera svo máttug og kærleiksrík að öll þróun í öllum alheimi stjórnist af mætti hennar, sem verkar á alla hluti og allar lífverur alheimsins, með þeirri geislandi líforku sem frá henni stafar.

Hinn lífgeislandi máttur hinnar æðstu veru er frumorsök allrar þróunar í alheimi, bæði hins líflausa efnis og hinna lifandi einstaklinga á öllum stigum þróunarinnar.

Hin æðsta vera leitast við að þróa alla lifandi einstaklinga í átt til sín, gera þá sér líka, eftir því sem hún orkar.

Og fjarlægðir geimsins munu engin hindrun vera lífgeislan þeirri, sem frá lífinu stafar, og mun lífgeislan geta borist um allan alheim á örskotsstund.


II. FEGURÐ OG LJÓTLEIKI

Alla jarðneska fegurð er að rekja til sambands við æðri lífstöðvar, þar sem fegurðin er á margfalt hærra stigi en hér gerist.

Allt hið fagra, sem til er á okkar jörð, hefur þróast til þeirrar fegurðar, vegna sambands við hinar æðstu lífstöðvar, því þaðan geislar sér líf og fegurð til alls þess, sem til er orðið í öllum alheimi.

Alla tilveru, lifandi og líflausa er að rekja til hinnar æðstu veru.

Sífelld nýsköpun á sér stað um allan alheim, vegna stöðugar geislunar frá hinnu æðstu veru.



Hin mikla kringlulaga vetrarbraut NGC 4486 er í vetrarbrautarhvirfingu í Meyjarmerki. Hún er ein þeirra vetrarbrauta, sem talin er mjög gömul og þróuð og eru því allar líkur á, að hún sé heimkynni öflugs og háþróaðs lífs. Okkur jarðarbúum mundi verða hinn stórkostlegasti ávinningur, að komast í fullkomin lífsambönd við háþroskaverur slíkrar vetrarbrautar. Munu ekki slíkir möguleikar vera fyrir hendi? Vitum, að lífgeislinn er tengiliður lífsins um allan alheim.

(Mynd: La Nouvelle Astronomie).

Það er eðli hinnar æðstu veru, að bæta stöðugt við sig. Þess vegna á sér stað sífelld sköpun um allan alheim.

Öll þróun er jafnframt sköpun. Þróun og sköpun verða ekki aðgreind. Þróun er sköpunaraðferð hinnar æðstu veru. Þetta á að minnsta kosti við á okkar jörð. Tilgangur þróunar og sköpunar fyrir geislun frá hinni æðstu veru er aukning fegurðar, vits og góðleika alls hins skapaða í öllum alheimi.

Ljótleiki er andstæða fegurðar. Ljótleiki nær að þróast, þar sem geislan frá hinni æðstu veru nær ekki að koma sér við, sem skyldi.

Mengun er eins konar ljótleiki, og fer vaxandi á jörð okkar, vegna skorts á lífgeislan og lífmagnan frá hinni æðstu veru.

Illmenni geta hvergi komið fram og þrifist, nema þar, sem mjög skortir aðsenda líforku frá æðri lífstöðvum.

Illmennska sú, sem þróast á okkar jörð, fær stuðning og eflingu frá vítisverum annarra hnatta, þar sem eindregin helstefna er ríkjandi, og þar sem æðri lífgeislan nær enn síður að koma sér við, en á okkar jörð.

III. LEIÐ ÚR ÓGÖNGUM

Hvers konar sambönd eða samskipti viljum við jarðarbúar eiga við alheiminn? Viljum við hafa sambönd við víti annarra hnatta, þaðan sem okkur stafar hinn mesti háski? Nei, það mun í rauninni enginn vilja. Eða viljum við kosta kapps um að efla sambönd við æðri vitverur, sem gætu stórlega aukið farsæld jarðarbúa? Já, það munu líklega allir vilja. Íslenskur vitsnillingur, dr. Helgi Þjeturss hefur fyrir löngu uppgötvað sambandseðli lífsins og bent á leið, til að bæta þau sambönd, sem ein duga, til að snúa stefnu jarðlífsins til farsældar. Hann hefur veitt okkur þá leiðsögn og þekkingu sem duga mun ef þegin verður. Okkar er að velja eða hafna. Hvara leiðina viljum við kjósa?

Þeir, sem öðlast hafa hinn nýja lífsskilning, eru í engum vafa um, hvara leiðina skuli velja, og þeir eru heldur í engum vafa um, hvernig fara skal að, til að ná því marki, sem stefnt skal að. — Og í rauninni vilja allir, að lífstefnan sigri hér á jörð.

Ég vil hvetja alla til að lesa Nýala dr. Helga Þjeturss. Og ef einhverjum kann að þykja þau rit of viðamikil, til að byrja með, vil ég benda á, að til er lítil bók „Líf er á öðrum stjörnum“, eftir Þorstein Guðjónsson, þar sem kenningar dr. Helga eru raktar í stuttu máli og getið hins helsta, sem erlendir rannsóknarmenn á

þeim sviðum hafa uppgötvað á síðari árum. En þær uppgötvanir hafa eindregið stutt það, sem dr. Helgi bar fram, meðan hann starfaði hér á meðal okkar.

En því aðeins getur orðið um stefnubreytingu að ræða, að nægilega margir skilji og styðji hina nýju lífstefnu, sem sigra verður, ef högum þjóðar okkar og mannkyns alls, á að verða breytt til farsældar. Hér er um mikilvægt mál að ræða. Að kynna sér þetta efni er fyrsta skrefið. Þar gætu allir verið með.

*Ingvar Agnarsson.
(Tíminn 30/10 1977).*

LÍFERNISFRÆÐI Í ÆVINTÝRUM H. C. ANDERSENS

„Lærðu að þekkja mennina. Jafnvel í hinum vonða er partur af guði, sá partur er sigra mun og slökkva eldsloga helvítis“.

*H. C. Andersen,
(bls. 296, II, Sögukorn).*

Enginn er svo illur að ekki sé til einhver guðdómsneisti í sál hans. Og þessi guðdómsneisti, sem leynist í sál hvers manns, í sál hvers illmennis og jafnvel í sál hvers djöfuls í hinum verstu vítum, gerir hinum guðlegu verum það kleift, að bjarga jafnvel hinum verstu verum að lokum, og koma þeim á lífsins leið.

Hver ein lífvera hefur átt upphaf lífs síns, fyrir sameiningu tveggja fruma eða frjóa frá föður og móður, og sú sameining hefur aldrei að öllu verið án ástar foreldranna, og ást þeirra er ævinlega brot eða neisti guðlegrar ástar, því ást hinnar æðstu veru á sér bústað í hverri lífveru, og við sameiningu karls og konu sem leiðir til afkvæmis er hin guðlega ást ætíð til staðar. Hver maður fær við getnað sinn og í vöggugjöf, einhvern hluta hinnar æðri elsku, sem hver lífvera verður raunar aðnjótandi um alla sína ævi.

Jafnvel þótt einhver fjarlægist guð svo sem mest má verða, bæði hér á jörðu, og í verstu vítum annarra hnatta, mun þó ætíð einhver guðdómsneisti, einhver ögn kærleika eiga sér bústað innst í hugarfylgsnum hans. En svo djúpt getur orðið á þessum neista, að ekki tendrist ljós þar af, fyrr en að afstöðnum óumræðilegum þjáningum, og miklum tilraunum hinna lengra komnu til hjálpar. Því slíkt mun vera eðli lífsins, að enginn sem lent hefur í illum stað, og haldið þar áfram illu athæfi sínu, getur snúið við til réttar áttar, fyrr en hugarfarsbreyting hefur átt sér stað. Og oft gerist það ekki, fyrr en að afstöðnum miklum og löngum þjáningum.

Ævintýraskáldið fræga H. C. Andersen, hefur skilið vel þetta eðli lífsins að „partur af guði“ sé í hverjum manni, eins og vel kemur fram í tilvitnuninni hér á undan. Og í annarri sögu hans „Stúlkan, sem gekk á brauðinu“, kemur fram næmur skilningur hans á því, að úr víti verður ekki bjargast án hugarfarsbreytingar, og ekki án þess að utanaðkomandi hjálp komi til. Hygg ég, að hið mikla skáld, hafi verið manna fyrstur til að skilja þetta lífs-lögmál. Því lengst af hefur það verið trú manna, að ekki yrði með neinu móti losnað úr víti, fyrir þá sem þangað væru komnir á annað borð.

Saga Andersens um stúlkuna, sem gekk á brauðinu er ákaflega lærdómsrík, og í góðu samræmi við það, sem nú má vel skilja út frá kenningum dr. Helga Pjeturs. Stúlka þessi, sem hét Inga var illa innrætt frá barnæsku. Hún hafði yndi af að kvelja skordýr, og með aldrinum óx henni drambsemi og ofmetnaður, enda var hún falleg og átti falleg föt. En það sem gerði út um örlög hennar var það, að eitt sinn sendu húsbændur hennar hana með stórt brauð, til að gefa fátækri móður hennar, og er mýrarbleyta varð á leið hennar, kastaði hún brauðinu niður í bleytuna og steig svo á brauðið, til að þurfa ekki að óhreinka fallegu skóna sína. Og hér var mælirinn fullur. Hún sökk niður í mýrina, og lenti niðri í víti, þar sem hennar beið ólýsanlegur ófögnuður og langvarandi þjáningar. Er þeirri dvöl lýst í sögunni. En þar sem hún dvaldi þarna í víti, heyrði hún allt, sem um hana var rætt á jörðinni, og allir töluðu illa um hana, og enginn vorkenndi henni, þótt allir þættust vita, hvar hún væri niðurkomin. Að lokum var eitt barn, sem grét yfir örlögum hennar og varð þetta heldur til að mýkja skap stúlkunnar. Og heilli mannsævi síðar, þegar barnið, sem grátíð hafði, var orðið gamalmenni og lagðist til hinstu hvíldar, þá bað sú gamla kona fyrir stúlkunni, sem hún vissi, að svo lengi

hafði verið í víti stödd. Og bæn þessa gamalmennis þýddi óvildar-
klakann úr sál hinnar langþjáðu stúlku, og þá losnaði hún úr
fjötrum sínum, og komst upp í sólskin jarðarinnar í líki lítils og
óásjálegs fugls, sem fyrirvarð sig fyrir útlit sitt, og reyndi að
verða ekki á vegi annarra fugla. En í huga stúlkunnar, sem nú
var í líki litla fuglsins, var orðin algjör breyting. Nú vildi hún
allt gera til að hjálpa öðrum. Og er veturinn kom, leitaði hún
matar alls staðar, og aðeins lítils af honum neytti hún sjálf, en
gaf öðrum fuglum allt, sem hún gat tínt. Með þessari miklu fórn-
fýsi sinni, gat hún satt marga svanga fugla og bjargað lífi þeirra.
Að lokum breyttist hún í hvítan fagan fugl, og börnum, er sáu
hana á flugi yfir vatni einu, sýndist hún svífa inn í sólina.

Þetta er að vísu ævintýri, en eigi að síður felur það í sér sann-
leika, svo mikilsverðan, að allir ættu að hafa hann í huga og haga
lífi sínu eftir því.

„Hvers virði er það manningum, þótt hann eignist allan heiminn,
ef hann fyrirgerir sálu sinni“, stendur í biblíunni.

Ekkert er eins veigamikið hverjum einstaklingi, og að haga svo
lífi sínu og breytni að ekki þurfi hann í framlífi að gjalda lífennis
síns hér með langvarandi þjáningum.

Lífennisfræði Helga Pjeturs veitir okkur betri skilning á orsökum
og afleiðingum breytni okkar en öll trúarbrögð. Þennan lífennis-
fræðiskilning ætti að kenna í öllum skólum. Mundi þá fleirum
skiljast, hvað ber að varast og hverju ber að keppa að og hvers-
vegna ekki stendur á sama um breytni okkar, orð og hugsanir.

Ingvar Agnarsson.

(Lesbók Morgunblaðsins 23/10 1977).

LÍFGEISLAN OG EFNISGEISLAN

Lífið er kraftur, sem brýst fram í alheimi efnisins, í þeim tilgangi að skapa efnið fram til sífellt æðri fullkominunar.

Helgi Pjeturss

Líf jarðar okkar er aðeins á yfirborði hennar og efni lífveranna er aðeins ákaflega lítið brot af öllu efni jarðarinnar.

Hugsanlegt er að á jöðrum hins æðra lífs verði allt efni, með einhverjum hætti lífi gætt. Það magnast af líforku hinna æðri lífvera, sem þær jarðir byggja. Og sjálft efni þeirra jarða verður þá mun meira geislandi, en það lífvana efni, sem við hér þekkjum. Á slíkum stöðum verður allt efni hnattanna gegnsýrt af áhrifum frá hinu æðra lífi, sem þar á heima.

Lítum til Kvasaranna, hinna óskiljanlegu björtu og geislandi vetrarbrauta. Eru ekki þar heimkynni hins æðsta lífs? Stafar ekki ofurbirta þeirra frá efni, sem svo mjög er lífmagnað vegna návistar æðri lífvera í þeim sömu vetrarbrautum?

Er það ekki vegna guðlegrar lífmögnunar hvernar efnisagnar þessara stjörnuhvíringa, sem þessi ofurgeislun stafar?

Geislunarmagn einhvers efnis mun ekki stafa eingöngu frá hitastigi þess eða kjarnaklofnum frumefnum, heldur einnig, og stundum jafnvel fremur, frá þeirri lífmagnan, sem efnið verður fyrir, og á þetta einkum við um efni þeirra vetrarbrauta, sem eru heimkynni hins æðra lífs.

Ingvar Agnarsson.
(Mbl. 26/2 1978).

FRÁ BURDLÍK

Á árunum um 1970 kom frumlífsmaðurinn Burdlík alloft í samband á tilraunafundum, og var koma hans jafnan frábrugðin hinum venjubundnu framlífs samböndum. Burdlík sagði fréttir af sínum hnetti, sem er óæskilegri leið, þrátt fyrir mikil efni til hins gagnstæða, en sjálfur hefur hann uppgötvað stjörnusambandið á þeim

hnetti. — Í vetur snemma kom skeyti, sem sagði „Burdlík er mikið veikur“, en á útmánuðum kom annað sem sagði: „Burdlík fær hressingu úr líffræðinni“. En slík uppörvun getur stundum áorkað nokkru til heilsubótar.

Einu sinni (í marslok sl.), „sá“ ég (dreymdi mig) mann, sem mér þótti vera Burdlík. Þetta var maður á að gizka um sextugt, ljóslitaður og bjartur yfirlitum, langhöfði og langleitur, líklega meðalmaður á hæð eða vel það og sat hann uppi í rúmi sínu, veikur og studdi hönd undir kinn. Fannst mér sem bölsýni ásækti hann, vegna stefnu viðburðanna: sennilegt, að þjóðerni og kynstofn sé þar í háska, eins og annarsstaðar. En ef svo færi, væri úti um framsókn hinnar réttu stefnu, á slíkum hnöttum. Það skal aldrei spyrjast, að Burdlík fái ekki þann hugstyrk héðan, sem hægt er að veita.

Þorsteinn Guðjónsson.

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Trúðu á tvennt í heimi,
tign sem hæsta ber,
guð í alheimsgeimi,
guð í sjálfum þér.

Afl hver á að reyna,
afl sem hefur það;
sú er sælan eina,
sem að fæst með dáð.

Fyrir unnin andans hnoss
urðu tíðum launin:
eitur, brenna, kyrking, kross,
kvala blóðug raunin.

UM DRAUM BÓLU-HJÁLMAKS

(Sjá bls. 197).

Eins og mörgum mun vera ljóst, sem hugleitt hafa kenningu Nýals, varðandi eðli drauma, þá má beita henni hvort sem er til skilnings á eigin draumum nýdreymdum, eða þá annarra draumum eftir frásögn þeirra — en einnig á löngu liðnum draumum, sem geymst hafa í frásögnum, sögudraumum o. fl. Í bók minni Astrobiology hef ég borið saman draumsögu úr Sturlungu, þar sem lýst er mjög sérkennilegri himinsýn úr öðru sólhverfi (þó að sögu- maðurinn hefði vitanlega ekki hugmynd um það), og svo hinsvegar lýsingu nú aldraðs manns á samskonar sýn, sem hann dreymdi rétt eftir aldamótin. Líkingin er svo mikil, að ástæða er til að ætla, að frá sama hnetti hafi verið báðar þessar sýnir, og skal ég ekki rekja ástæður fyrir því. En það er þó mjög sennilegt, að skyggni- og draumasambönd þau, sem Íslendingar höfðu við aðrar stjörnur, þrátt fyrir allt, um margar og myrkar aldir, og án skilnings á því, sem þar var um að ræða, hafi vegna lítills breytileika mannfélagsins verið í nokkuð föstum skorðum öld eftir öld — eða með öðrum orðum við ýmsa hina sömu hnetti.

Pegar ég las eftirfarandi draumkvæði eftir Bólu-Hjálmar, sem mjög merkilegt er, datt mér í hug, að einnig þetta *kynni* að stafa frá hnetti hinna mörgu tungla, sem lýst er í Sturlungu. Engan veginn er þetta þó sterkum rökum stutt, því að mörg tungl munu mjög víða vera. En kvæði Hjálmars hefst þannig:

Tyllti ég fót á tindri fjalla háum,
teygði sjónir yfir djúpan mar.

Þetta minnir ekki alllítið á byrjunina á hinu stórkostlega kvæði Matthíasar „Leiðsla“, sem síðar var ort, þó að munurinn sé reyndar mikill á eðli sambandsins sem veittist. Hjá Matthíasi var um að ræða dagbjart skin, guðlega ofurhrifni og samband af því tagi, sem vísaði fram til þess, sem síðar átti fram að koma hjá öðrum manni. En hjá Hjálmar er horft yfir geigvænt myrkurs- og slysasvið, um næturtíð, og sýngjafi hans sjálfs er ekki máttugur í sýn sinni, heldur kemur þar fram annar meiri máttar, sem Hjálmar hyggur vera „morðeingil“, en svo mun þó ekki verið hafa, heldur hefur þessi vera eða „mynd“, sem Hjálmar kallaði, haft vilja til að fræða hinn nýkomna:

Sjón mín réð á svölu fjalli bíða
sá jeg opnast hyldýpisins kvopt,
og mars úr kverkum mána hálfja skríða
marga upp á blóði drefjað lopt.

Um þetta segir „myndin“:

Gættu ofar höfði þér og sjá,
draums á himin dregnir hálfir mánar
drukknun manna eflaust fyrir spá.

Það er greinilegt, að „myndin“ vill vekja athygli sjáandans á hinum stjarnfræðilegu einkennum hnattarins. Þó að Hjálmar sýnist enn, að sú „mynd“ beri dauðra manna hjörtu í klóm sínum, er ekki víst, nema það sé einhver missýning, en þó er greinilegt, að þetta er það, sem skapar honum mestan geig í þessum draumi, eitthvað ógnþrungið er þarna um að ræða, sem fylgir skáldinu yfir í vökuna, en ekki treysti ég mér til að giska á, hvað það var.

Þó held ég, að óhætt sé að ætla, að hin „sexvængjaða mynd“ hafi verið þess eðlis, að hún átti, þegar þetta var, sanna framför fyrir höndum, eða öllu heldur hann, því að um karlveru mun hafa verið að ræða.

Þorsteinn Guðjónsson.

M Y R — úr Gunnlaugssögu ormstungu

- Veltr þangat, sem vera vill, um flesta hluti. (*Þorsteinn Egilsson, Borg*).
- Eigi skal haltr ganga, meðan báðir fætr eru jafnlangir. (*Gunnlaugur ormstunga*).
- Lengi man þat, er ungr getr.
- Eigi leynd augu, ef ann kona manni.

DRAUMUR

*nóttina milli 16. og 17. jan. 1856, og boðaði manna drukknun
og ýmissa góðra manna afgang.*

Tylti eg fót á tindi fjalla háum,
teygði sjónir yfir djúpan mar,
skaut úr kafi skatna líkum hráum,
skipa-flökum óku bylgjurnar.

Blóðker stóðu á borðum Ægis hallar,
blandinn Ránar mjöður varð af því,
hofmóðugar himinglævur allar
hreyktu skautum undir dreyrug ský.

Báru sér á bökum systur rasta
barin sundur farviðanna tré,
undan skútum skelfilegra vasta
skatna svípir gægðust deyjande.

Högluðu skýin harðmóðugum tárur,
Hræsvelgs barin fjöðrum vægðarlaust,
kólgur skryddu koll á nöktum bárum,
kveinaði nöpur Gýmis ljóðaraust.

Strand-offrum í staði skipti fjóra
stríðs að lokum Dröfnin rausnarlig,
börðu kletta beinin siglujóra,
brostu drangar að og hristu sig.

Sjón mín réð á svölu fjalli bíða,
sá jeg opnast hyldýpisins kvopt,
og mars úr kverkum mána hálfra skríða
marga upp á blóði drefjað lopt.

Bleikir mjög frá bylgju runnir setri
blínu gegnum helköld næturský,
fallsrúnir með feigðarmynda lettri
fáðar stóðu þeirra svipum í.

Horfði eg enn af hnjúknum forundrandi,
hlutum ýmsum fyrir sjónir brá,
sexvængjaða sá jeg mynd fljúgandi
sólar niðurgaungu-punkti frá.

Gagnvart mér nam gylta vængi bera,
Geirþrúðar í fornum kvakar hljóms,
morðeingil eg mikinn hugði vera,
manns bar hjörtu firna mörg í klóm.

Snart vængjahnúann hyrna fjallsins eina,
hristist gnípan undir fótum mér;
myndin vakti máls á flugi beina:
„Maður vesall! kví þú stendur hér?

Glápir þú á glens og áflog Ránar?
Gættu ofar höfði þér og sjá,
draums á himin dregnir hálfir mánar
drukknun manna eflaust fyrir spá.

Fátt þig snertir fjörs á hinstum línun
flóðs og vinda manndráps-kyngið hart,
en negg rjúkandi nöglum fjötruð mínum
nær þér höggvin skulu verða snart.“

Kastaðist eg af kodda rekkju minnar,
kolsvört yfir hauðri grúfði nótt,
hrökk eg upp við hamför sálarinnar,
hugsaði drauminn, varð ei leingur rótt.

Andi minn, sem unir lítt í fjötrum,
illa gerir þú að hræða mig,
þú losnar senn úr leirs íbúðar-tötrum,
léttfær skaltu fá að spreyta þig.

Hver mun þig frá þungum dómi verja,
þakin klaka, blessuð fóstra mín?
Kári, Dröfn og drepsótt á þig herja;
drottins höndin geymi börnin þín.

Bólu-Hjálmar.

MYR.

Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum

Líf mitt er falið
í ljóði mínu.

Samræmið er sigurvætta draumur.

Hlýr í eðli er hann, sem djarfast þorir.

Sérkennist með þroska hver ein vera.

Hreppa fáir lán, því takmörk kreppa.

Þröngsýnn verður kappgjarn hugur löngum.

Hver þín hugsun, orð og athöfn
afleiðingu færir þér.

Mínna þér þótt máttarsmátt
megnir því að græta,
ekki er víst hvort aftur mátt
úr því seinna bæta.

Draumar

Draumur um tvö dýr

Í nótt dreymdi mig að ég sá tvö dýr, allstór. Þau stóðu samsíða, og var einn maður hjá þeim. Þau voru heldur hærrí en maðurinn, mjög lík fílum að lögun, búkurinn sver og niður úr höfðinu rani, sem náði til jarðar. En því tók ég eftir, að engar stórar sköglutennur voru á dýrum þessum, og voru þau að því leyti ólík fílum. Lítur dýranna var dökkgrár, líkt og er á fílum. Ekki tók ég neitt eftir útliti mannsins, sem stóð hjá þeim.

*Ingvar Agnarsson.
(Dreymt 26. okt. 1962).*

Draumur um fatnað í verslun

I.

Mér þótti ég hafa verið afgreiðslumaður í stórrí fataverslun um alllangt skeið. Í upphafi draumsins sat ég í herbergi einu og hafðist ekki að. Maður og kona komu inn til mín. Þótti mér þau veita versluninni forstöðu, eða vera eigendur hennar. Konan mælti: „Við höfum tekið eftir að vörur hafa horfið úr versluninni og gerum við ráð fyrir, að þú sért valdur að því. Við óskum eftir skýringu“.

Þá rifjaðist upp fyrir mér, að fyrir einni viku hafði maður komið inn í verslunina til að kaupa fatnað. En þegar til átti að taka, hafði hann ekki getað borgað, og bað hann mig að geyma fatnaðinn, þar til hann kæmi aftur síðar. Hafði ég svo tekið fötin og farið með þau inn í þetta herbergi, sem ég nú var staddur í.

Þessu næst gekk ég að hillu einni breiðri, við vegginn, og tók þaðan gráar buxur og svartan karlmannsfrakka. Fékk ég konunni þetta í hendur, og skýrði fyrir henni, hvernig á þessu stæði. Hún

tók það gilt og sagði: „Ég var farin að tortryggja þig, en nú sé ég, að það hefur verið ástæðulaust. Ég mun hér eftir sýna þér sama traust og áður“. Síðan fór hún með fötin út úr herberginu, og maðurinn á eftir henni. Endaði þar draumurinn.

II.

Draumur þessi er laus við rangbýðingar eða endurminningar úr eigin vöklífi mínu.

En endurminning draumgjafans um liðinn atburð kemur hér skýrt fram (fötin sem hann geymdi fyrir viðskiptavin).

Í draumum okkar koma oft fram skýrar endurminningar draumgjafa, og eiga venjulega ekkert skylt við endurminningar dreymandans.

Þetta er ein af þeim auðsæju skýringum, sem dr. Helgi Pjeturss bar fram um eðli draumlífsins, að í draumi verður ávallt samband við einhvern sem vakir, og verður dreymandinn þá einskona þátttakandi í vöklífi hans.

*Ingvar Agnarsson.
(Dreymt 5. sept. 1975).*

Að vakna upp framliðinn. — Draumur.

I.

Lá í fjallshlíð vestan fjarðar (Eyjafjarðar að mér fannst). Mjög fagurt útsýni til austurs og allt annað en á að vera. Fjarlægðaskyn annað en í vöku.

Fannst ég vera dáinn. Kom fram á sjúkrahúsi eða einhverskonar hressingarhæli í þéttbýli. Móðir mín tók á móti mér. Ég spurði um föður minn, sem mér þótti sem ég hefði séð einu sinni í framlífinu. Fékk ekki svar. Spurði um meðöl. Var sagt að taka helmingi meira af þeim, en ég hafði gert hér á jörð. Spurði um hver ég væri og virtust lækna þarna ekki skilja, hvað ég ætti við. Spurði þá hvort ég væri áfram í sömu vetrarbraut. Var svarað „auðvitað“ í þeim tón, eins og það væri sjálfsagður hlutur. Fannst jafnvel að ég væri litinn hornauga fyrir heimskulegar spurningar. Mér voru síðan fengin rúmföt, og átti ég að búa um mig í einskona útskoti frá gangi, heldur tómlegu, en hreinu og björtu.

II.

Tvennt er sem mér finnst umræðuvert. Annað er það, hve umskiptin, frá því að liggja í fjallshlíðinni og til þess að vera kominn fram látinn á allt öðrum stað, eru snögg og án þess að nokkuð komi fram um það, hvernig ég „skildi við“. Er líkast því, að þetta séu tveir aðskildir draumar, sinn með hvorum draumgjafa. Eitt er svo það, hve fávíslegar spurningar mínar þóttu á hressingarhælinu.

*Stefán Halldórsson, Hlöðum, Eyjafirði.
(Dreymt 30. maí 1976).*

Draumur um svif undir heiðum himni

I.

Ég svaf og mig dreymdi. Úti var dimm nótt, sunnan stormur og rigningarhraglandi. En í draumi mínum var allt ljóst og bjart.

Mér þótti ég vera staddur í allstóru en grunnu dalverpi. Var landið slétt yfir að líta, og virtist vaxið smágerðum, mjúkum gróðri, sem allur var ljósbrúnn eða öllu heldur gulbrúnn að lit. Yfir þessu landslagi hvelfdist himinn, sem var heiður og blár, en ekki tók ég eftir sól á lofti eða hvar hún var staðsett á himni. En ákaflega mikil birta hvíldi yfir öllu sem ég sá í landslagi.

Ég þóttist staddur vera í þessu dalverpi miðju ásamt konu minni og þrem sonarsonum. Kona mín var að leggja af stað niður eftir lægðinni, en ég ætlaði að fara í hina áttina, upp á brún hæðarinnar.

Áður en við fórum, báðum við eldri drengina tvo, að gæta vel yngsta bróðurins.

Ég lagði svo af stað upp brekkuna, sem ekki var brött, og fór ég svífandi lágt yfir jörðu, í svo sem tveggja metra hæð. Var mér það mjög auðvelt. Er ég var kominn alllangt, staðnæmdest ég og leit til baka. Sá ég þá að kona mín var komin á ás einn eða smáhæð neðst í dalnum. Þótti mér hún kalla til mín:

„Snúðu við og líttu eftir drengjunum.“ Var nokkuð furðulegt, hve vel ég heyrði til hennar, því fjarlægðin á milli okkar var orðin talsverð, eða varla minni en svo sem tveir kílómetrar. Ég gat

ekki skilið, að neitt gæti amað að drengjunum, þar sem þeir áttu að vera þarna á sléttri grund. Ég sá að kona mín sneri aftur í átt til drengjanna. Sneri ég þá einnig við, og sveif niður eftir hallanum á talsverðri ferð. Mættumst við svo hjá drengjunum. En nú var yngri drengurinn ekki sjáanlegur. Hvað hafði getað orðið af honum? Við spurðum eldri drengina tvo, en þeir kváðust ekkert vita.

Við reikuðum þarna fram og aftur í leit að drengnum, en fundum hann ekki. Mér var þetta óskiljanlegt. Svo vaknaði ég.

II.

Draum þennan má vafalaust rekja til sambands við draumgjafa á öðrum hnetti, því ekki kunna jarðarbúar enn, að svífa í lofti. En slíkt mun algengt vera, á hnöttum, þar sem samstilling er meiri, en hér er um að ræða.

Ekki var um neina rangþýðingu að ræða hjá mér, í sambandi við landslagið, sem ég veitti allnána athygli, en öðru máli gegndi um fólkið, sem mér þótti vera kona mín og sonarsynir. Er það að vísu algengt, að einhver hluti draums einkennist af rangþýðingu en annar ekki. Ég veitti líka þessu fólki enga sérstaka athygli, og get því ekki sagt um útlit þess. En ef ég hefði gert svo, mundi rangþýðingin hafa horfið, því draumséð fólk, mun nær aldrei vera hið sama, sem við þekkjum úr vöku.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 24. apríl 1977).

LEIÐRÉTTING

Í síðasta hefti, nr. 15, urðu þau mistök, að í efnisyfirliti yfir miðilsfund 20. des. 1971, eru talin upp nöfnin Ullur. — Freyja. — Baldur. — Hrafnkell Freysgoði. — En hið rétta er, að þessum nöfnum er þarna ofaukið, því í heftinu kom ekkert frá þessum aðilum.

Ritstj.

Sambandsfundir

Midilsfundur laugardaginn 10. október 1976

Sigurður Ólafsson (Sveini): Sæl og blessuð. Hér eruð þið komin saman í stöðinni, í salnum, þar sem ég oft var að reyna að samstillast með mínum góðu vinum, þeim, sem þar sátu með mér, og vildi þar fá samband við aðra hnetti. Sigurður er maðurinn sem talar. Ekki veit ég, hvort ég get haft tök á að koma til ykkar miklum fróðleik, þótt af miklu sé að segja. Ég er mjög eindregið vísindalegur í hugsun, eða vil vera það á framlífsjörð minni. Hér eru vísindi á framfarabraut, og hafa menn hér fullan skilning á að auka þar við. Þetta getur bætt lífið og lífið á að þróast að góðvild og viti, ávallt betur, og veit ég að vísu, að ekki getur þekkingin ein öllu breytt, sé góðvildin ekki í liði með henni. Þetta vitið þið, en því má ekki gleyma, að hvorugt er fullnægjandi eitt sér. Framfarir í þekkingu ættu að auka mönnum skilning á því, að góðvild er nauðsynleg, eigi líf að ná fullum framförum.

Hér er margt, sem fræðast mætti um. Og mundu ýmsir fræðimenn vera fúsir á að koma fræðum sínum til ykkar, ef þeir sæju sér færi á. Fylgst er með framförum á ykkar jörð. Hér er um að ræða tilraun í þá átt, víðtæka tilraun, ekki tilviljanakennda heldur vel undirbúna og skipulagða. Kraftur margra einstaklinga getur haft talsverð áhrif. Þar sem sérstök skilyrði eru fyrir hendi, geta áhrif orðið ótrúlega sterk, jafnvel svo að eigi sér stað furðulegir hlutir og jafnvel hræðilegir, meðan ekki er skilningur fyrir hendi. Hafa á ykkar jörð slík fyrirbæri orðið til umhugsunar, en ekki öll til skilnings. En hér er ekki nema um örlítill sambandsfyrirbæri að ræða, hjá því sem orðið gæti.

Sambandið milli hnatta er stórkostleg staðreynd. Mannkynið virðist eins og barnið, sem er að byrja að ganga. Það hefur ekki stjórn á líkama sínum ennþá, vegna ófullkominnar þekkingar á lögmálum lífsins. Hér er undirstöðuskilningur í líffræði enn ekki kominn fram á ykkar jörð, eða ekki svo að hann sé eign mann-

kynsins. Og það er þar, sem nú strandar á framförin. Hér er byrjunin svo erfið, að ganga fyrstu skrefin og að átta sig á hvert leiðin liggur. Á Íslandi er samt fyrir hendi sú þekking, sem bjargað gæti mannkyninu og hér er sú byrjun, sem bjargað gæti. Ég segi þetta, því mér er þetta enn betur ljóst en áður. Því ég er búinn að sannfærast á enn ápreifanlegri hátt, en meðan ég var á jörð ykkar, að kenningar Helga Þjeturs eru réttar. Hef ég nú öðlast þá reynslu, er áður mig skorti. Vissi ég þó, að þetta væri lausnin á lífsgátunni, eins og Helgi Þjeturss á skemmtilegan hátt hafði skilið.

Ég er ákaflega vel á mig kominn með heilsufar og líður mér ákaflega vel nú, sérstaklega er ég ber mig saman við ástand mitt á jörðinni, hluta ævi minnar, og er þar gjörbreyting til batnaðar á heilsu og líðan allri. Mér er óhætt að fara hvert sem ég kys. Skortir ekki afl og heilsu lengur.

Segja má, að möguleikarnir séu ótrúlegir að komast staða á milli, ekki eingöngu á þessum hnetti, sem ég á heima á, heldur og til annarra hnatta. Það er ótrúlega furðulegt og skemmtilegt. Milljón möguleikar hafa opnast, sem áður voru með öllu lokaðir. Stórkostlegast alls hefur verið, að fara í heimsóknir til betri hnatta og hef ég átt þess kost, að fara með öðrum til annarra hnatta og til annarra vetrarbrauta. Sumir hnettir, sem ég hef heimsótt, hafa mér þótt svo bjartir, að ekki eru tók á að vera þar nema skamman tíma í einu; örskamman tíma. Mér er um megn að dvelja þar nema örskamman tíma í einu, þar til ég verð til þess betur hæfur. Þó er ég þar velkominn. Og fyrr eða síðar á ég í vændum þá fullkomnun, að ég geti átt þar heima.

Það ber að hafa í huga, að tilveran er tengd, misjafnlega sterk þó, þannig að samstilling geti orðið og öll tilvera fullkomlega lífandi heild, svo að hvergi sé ófullkomin samstilling. Þetta er allt svo miklu ljósara fyrir mér en var. Þó ég teldi mig hafa nokkurn skilning á tilgangi lífs og tilveru, þá er þetta nú orðið jafnvel miklu ljósara en áður. Og samt er það einungis staðfesting á því, sem ég áður skildi, enn meiri útfærsla.

Mjög erum við hér óþreyjufullir, að koma til jarðarinnar vitneskju um framlífið og allt það stórfurðulega og fagra, sem okkur er kunnugt orðið á öðrum hnöttum. Þetta er það sem við teljum, að mannkynið þurfi að fræðast um, eðli framlífsins. Hér eru menn ákaflega bjartir yfirlitum, bókstaflega skín af þeim fegurðin, og styrkurinn er allur hinn undraverðasti. Það verður að gera sér

ljóst, að líkamleg fegurð á fyrir sér óendanlega fullkomna framtíð. Það er mér ákaflega mikið yndi og ánægja, að virða fyrir mér þá, sem ég umgengst og virðist mér sem öll fegurð fari vaxandi er lengra líður á ævi manna hér.

Held ég, að ég fjölyrði ekki meira um þetta að sinni, og býð góða nótt.

*Ingvar Agnarsson,
ritaði jafnóðum og talaðist.*

Miðilsfundur 14. október 1972

HALDINN AÐ ÚLFSSTÖÐUM Í BORGARFIRÐI

Miðlar voru Sveinn Haraldsson og Sigurður Ólafsson. Talaðist hjá þeim til skiptis, eins og vel kemur fram í tali Bærings. Fundinn sátu átta manns. Ekki er hér birt nema hluti þess, sem talaðist og upp var skrifað.

Dungal: (Sveini): Sendi ég kraft ásamt mörgum öðrum. Munuð þið vilja magnast veit ég. Það er áreiðanlega um magnan að ræða, sem er mjög nauðsynlegt að njóta sem fullkomnast. Sú magnan þarf að ná til einstaklinganna hvers og eins og til heildarinnar, til fulls, og þið njótið þessarar magnanar í misjafnlega ríkum mæli, hver einstaklingur, sumir betur en aðrir. Það eru magnandi áhrif, sem fylgja slíku sambandi. Áhrif utan að, frá ýmsum öðrum hnöttum, leita á. Frá ýmsum hnöttum streyma áhrif og vitsambönd magnast, þegar þau áhrif ná að koma fram nægilega. Reyna þurfið þið að beita velvilja og viti. Frá einum til annars stafa geislunar-áhrif. Fyrir stilliáhrif einstaklinga takast ýms sambönd. Þið skuluð hugsa um það, hvað áhrifin þýða, sem stilliáhrif kallast. Nú reyni ég ekki að tala lengur að sinni.

Bæringur Einarsson, fornaður, frá Heinabergi, Snæfjallaströnd (Sigurði): Heil og sæl. Svo þið reynið að hafa samband við annan hnött. Mjög margir reyna að leggja ykkur lið, það mun hafa sín áhrif með tímanum. Þetta er mjög mikill vandi, en þið hafið góða vini og munu þeir beina sambandi ykkar til hnatta, sem komnir eru áleiðis fram á braut. Enn er sambandi ykkar beint til mjög fullkomins mannkyns, og mun það vera þyngst á metunum, að þessi sambandshnöttur ykkar er til. Ég mun nú gera tilraun að tala Sveini.

Sami (Sveini): Mun ég segja nú nokkur orð í sambandinu, mun

það eflast. Hér eru margir íslenskir framliðnir og aðrir frá ykkar hnetti, samtaka um að efla fund þennan og ykkar aflsvæði. Ísland allt á að verða aflsvæði til að móttaka guðlega magnan. Munuð þið hafa árangur erfiðis ykkar stórlega merkilegan.

Sami (Sigurði): Orka hefur aukist, svo að auðveldara verður að koma því, sem ég vil, til ykkar. Hnöttur minn er í þessari vetrarbraut og er þó nokkur fjarlægð milli jarða okkar. Hingað hefur komið mjög margt af löndum ykkar og eru þeir orðnir mjög öflugir menn. — Auka þarf orku enn, svo vel megi takast.

Sami (Sveini): Þörf er á meira afli ykkar. Magnan frá hinum fullkomnu lífstjörnum þyrfti að lagast smám saman. Þið munuð verða vör við þessa magnan. Sambandið skal aukast fyrir magnan.

Sami (Sigurði): Orka vex en eigi nóg. Hef ég mikinn hug á að geta sagt ykkur frá hnetti mínum og því lífi, sem við lifum hér, en til þess þurfið þið að leggja ykkur fram eins og við gerum. Við leggjum alla orku okkar fram til að magnan berist ykkur.

Sami (Sveini): Forn-íslenskur maður er ég sem tala.

Sami (Sigurði): Ég heiti Bæringur og faðir minn hét Einar og bjó á Heinabergi á Snæfjallaströnd á seinasta áratug tólftu aldar og fram á þá þrettánda. Kom nú í samband ykkar. Er það ekki ómerkilegt, því ég er einn af forfeðrum Sigurðar. Ættmenn mínir hafa átt landið allt fram á Látrabjarg.

Sami (Sveini) Heinaberg byggði ég fyrir afarlöngu, má segja. Þegar litið er til baka til þeirrar ævi, koma upp í huga mínum ýmsar minningar um margt það, er nú er að vakna, meðan ég hef verið að tala við ykkur.

Sami (Sigurði): Erfiðlega gengur þetta, en ég ætla að koma fram því er ég vil. Ég vil tala um minn hnött og gæti verið fróðlegt fyrir ykkur að fá fróðleik um önnur byggð ból í ykkar vetrarbraut. Minn hnöttur er nokkuð stór, að mun stærri en ykkar hnöttur. Við hér höfum náð það miklum þroska, að við getum haft mikil áhrif á veðurfarið hér og getum nokkuð stýrt þeim eldsumbrotum, er hér gerast á hnetti okkar, og getum nýtt okkur það til góðs. Við erum miklu ríkari en þið að birtu. Við höfum hér tvær sólir til að verma okkur og gera okkar hnött yndislegan.

Sami (Sveini): Framfarir alls mannkynsins eru mjög miklar, miklir möguleikar framfara og eigi síst líkamlegar framfarir. Eru þær framfarir furðulegar. Ákaflega mikil orka mannlíkamans og mikil fegurð samfara vaxandi vitþroska.

Sami (Sigurði): Mjög væri mikilsvert, að ég gæti talað svo ljóst,

að þið gætuð skilið, hvað hugur okkar er sterkur og skýr. Þetta eigið þið vonandi allt eftir að reyna og vonast ég eftir, að fundur þessi, sem þið hafið stofnað til við aðra hnetti, megi lyfta viti ykkar svo upp að flýta mundi þroska ykkar í náinni framtíð.

Gróður allur er hér mikill og mjög fagur og má segja, að magnan öll sé svo mikil, að vit sé komið í allar verur á hnetti okkar. Þroski hefur aukist svo í öllu lifandi hjá okkur, að það veit meira um sjálft sig en á öðrum hnöttum, sem skemmra eru komnir í þekkingu. — Dýralíf er hér fjölskrúðugt og góðvild er þar mikil. Dýrin halda einstaklingsæðli sínu eins og maðurinn. — Vil ég tala ljósar, en erfitt, þó orka sé nú nokkur fyrir hendi.

Hér eru ykkar forfeður. Ekki þó hægt að segja, að þeir þekki ykkur beinlínis. En við hér eigum mun auðveldara með, að skynja til hnattar ykkar og mikil nauðsyn á að takist fyrir en seinna, og er mikil áhersla lögð á, svo að sambandið megi takast.

Sami (Sveini): Héðan er margt að segja. Það eru ákaflega margar dýrategundir og jurta á þessum hnetti, sem fróðlegt væri frá að segja meira, en það tekst mér kannske síðar, og mjög vildi ég vona, að sem fyrst yrði auðvelt að tala, það er máli skiptir og mjög er það mikil nauðsyn að skapist betri samstilling fjöldans. Mundi það auðvelda samband við margar stjörnur og til guðanna mundi mjög vaxa samband.

Sami (Sigurði): Ég vil segja ykkur ofurlítið af mannkyni á hnetti okkar. Hér búa nokkrir milljarðar manna, líkt og á ykkar jörð. Þorp og borgir og sveitir. Úr jurtaríki er það, sem við borðum og útbúum þetta fyrir okkur á ýmsan veg. Meirihluta næringar fáum við gegnum magnan.

Við höfum hér bíla okkur til ánægju á stuttum leiðum, en annars notum við hér mikið getu okkar til að svífa. Förum við á þann hátt allar styttri leiðir. Einnig notum við hér loftför, þegar við viljum komast um mikinn hluta hnattar okkar og svo notum við hamfarir, þegar við förum hnatta á milli. Hér starfa menn. Við búum hér á framlífshnetti, og þeir, er hér koma, eru orðnir öflugir menn, svo orka okkar fer ekki mikið í að hjálpa þeim. En við förum marga leiðangra þangað, er við teljum að hjálp okkar geti nýst.

Sami (Sveini): Stöðugt beitum við þeim krafti. Við sendum orku mikla frumlífsjörðum vetrarbrautar þessarar. Ákaflega vandasamt þó, að hjálpa frumlífsmannkynjum þar, á rétta leið. Á mörgum hnöttum er eins og öfugstreymi. Þar er svo stórkostlega örðugt

við að fást. Það er aflraun hin mesta og þarf sú aflraun að takast á þann hátt, að allir á þeim hnetti bjargist. Hinir skammt komnu endastaðir þurfa að bjargast áður en um seinan verður. Lífið þar stefnir í glötun á mjög mörgum hnöttum og sé þeim hnöttum eigi bjargað, verður vetrarbrautin í hættu.

Sami (Sigurði): Fróðlegt væri, að geta sagt margt af lífi okkar. Ykkur kemur það ekki á óvart, þó ég segi, að við búum hér í húsum. Reynir hver að gera þau sem vistlegust og reynum við að setja orku okkar í húsin, svo að þau fái keim af okkur, sem búum í húsum þessum. Þið hugsið um síma og þess háttar. Þess þurfum við ekki. Við hugsumst á, þótt langt sé á milli okkar. Hér verða ekki slys, og þurfum við ekki að eyða orku okkar í slíkt. Hér eru engir sjúkdómar.

Við förum margar ferðir frá hnetti okkar og leggjum öðrum lið. Hér stefnir allt að því, að koma áhrifum okkar þangað, sem þörf er fyrir. Fjöldi hnatta þarf að komast á þessa þroskabraut okkar. Við viljum mjög leggja ykkur lið og ég hef mikla von, þar sem ég hef náð þeim tókum hér, sem raun er á, þótt miklu betur mætti vera. — Vildi ég geta sagt frá okkar hnetti og þeim hnöttum, sem ég hef heimsótt. Við hér erum bjartir, þótt mikið vanti á, að við séum eins lýsandi eins og guðirnir.

Treystið, að við munum leggja ykkur allan þann kraft, sem við megnum. Vonast ég til, að bætt sambönd megi sem fyrst nást við sambandshnetti ykkar. Verið sæl.

Séra Jónmundur Halldórsson frá Grunnavík (Sigurði): Heil og sæl. Jónmundur. Mér þykir þetta takast bærilega hjá ykkur. Allt er ég megna, hugsa ég til ykkar og legg ykkur lið, eftir því sem ég get. Heilsa mín og afl er orðið þó nokkuð mikið. Frætt get ég ykkur á því, að sá, er talaði við ykkur áðan er af okkar fólki. — Ég messa hér, en á annan hátt en áður. Ég reyni að verða öðrum að sem mestu og bestu liði. Þetta þurfið þið að læra. Miklu máli skiptir, ef ekki er hægt að hugsa á réttan hátt. Hugsanir ykkar þurfa að verða sem bestar. Reiði dregur hvern mann aftur á bak, en það þarf lágmarksorku til að ráða við slíkt. — Nú, þegar aflsvæði ykkur hefur vaxið, er líklegt, að þið getið farið að skynja til vinahnatta ykkar og þá fer allt að ganga betur. Ég hlakka til, þegar ég hef náð affli slíku sem Bærings og slíkra manna. Ég mun reyna að messa yfir ykkur á minn hátt. Verið sæl.

Ingvar Agnarsson,
ritaði jafnóðum og talaðist.

Miðilsfundur 26. mars 1974

Ónefndur maður (Sveini): Sæl og blessuð öll hér. Þetta þykir mér skemmtilegt, þegar hvo fríður hópur er hér saman kominn í stöð ykkar, að ég megi vel segja nokkur orð hér, og er þó óvíst, að ykkur þykji mitt tal merkilegt. Það er svo erfitt að ná tökum og koma öllu til skila. En Íslenskur maður, framliðinn, talar nú af öðrum hnetti. Tala ég nú til ykkar og er fjarlægð milli hnatta okkar ekki lítil, þúsundir ljósára. Í geimnum eru fjarlægðir slíkar, að óskiljanlegar eru mannlegum huga, þó að orka hugans sigri slíkar vegalengdir á augabragði. Það eru engir hnettir eins, þó að líkir séu og efnislega skildir. Er því fjölbreytni hin furðulegasta í náttúrunni og í öllum hlutum, svo að það getur enginn gert sér það í hugarlund og það verður ævinlega jafn furðulegt. Fjölbreytnin og hinir furðulegu möguleikar tilverunnar eru slíkir að því verður ekki komið í orð. Nú er mér erfitt um að tala langt mál og skýrt, þótt eitthvað rætist nú úr. Mjög merkileg er saga lífsins og þróun frá einfrumungi til manns, eins og ykkur er kunnugt. Er sú saga löng og merkileg. Og er sögunni þó ekki lokið með mannsstiginu. Framhaldið er enn furðulegra, en orð fá lýst. En framhald af manni er guðsstigið, og verður því aðeins náð, að skapist samstilling jarðarbúa við þá í alheimi, er á guðsstiginu eru. Þar sem þekking er ekki meiri, en á ykkar jörð er, þar stefnir ekki til þess fullkomna lífs, sem á guðsstiginu er. *Framsóknin er undir þekkingu komin og þegar þekkingin nær til guðanna, þá fyrst rofar til með framtíð mannkynsins.*

Kjarval: Komið sæl. Heldur eykst nú orka með okkur. Og ekki spillir, að orka komi fram í hópnum víðar en á einum stað. Óhætt er líka að fullyrða, að sambandið er við góðan stað, í öðru sólhverfi í vetrarbraut ykkar.

(Spurning: Ert þú íslenskur?).

Því má treysta, að svo er.

Kjarval, *Kjarval*, sambandið er að vaxa. Segið engum að ég sé dauður. Heldur fríðari er ég nú en áður. Var ég ekki í andliti svo fríður maður, og þó ekki ljótur, í þeirri merkingu orðsins. Guðir og gyðjur eru óumræðilega fögur. Þau munu sýna sig hér fyrr eða síðar. Ekki þarf að vantreysta þeim.

(Spurning: Hafa Æsir komið í heimsókn til þíns hnattar?).

Já, margir. Og Grískir guðir. Allir þessir guðir, sem átrúnaður var á í Grikklandi og á Íslandi, eiga sér bústaði í öðrum vetrar-

brautum. Þeir eru langt komnir mjög. Jæja, flyt ég kveðju Baldurs, Baldurskveðju.

(Spurning: Ertu staddur í stjörnusambandsstöð?

Já, mjög fagurri. Þær eru ekki smásmíði, stjörnusambandsstöðvarnar á okkar hnetti. Þær eru hinar fegurstu hallir.

(Spurning: Lýsir af þeim?).

Undurfagur ljómi umlykur stöðvar þessar.

Haraldur Nielsson (Sveini): Komið sæl. Enn er miðilshæfileikinn að vaxa nokkuð í stöð ykkar. Þarf hann að glæðast enn mjög, til þess að um fullkomið samband geti verið að ræða. Þeir er taka við krafti öðrum fremur, þurfa að njóta trausts og góðvildar sem flestra. Þetta leiðir svo til stóraukins kraftar og árangurs. Þegar betur tekst til, verður ekki látið sitja við orðin tóm, heldur sýnilega og áþreifanlega hluti. Haraldur Nielsson er ég. Þið kannist flest við nafn mitt. Þeir sem treysta á sambandshæfileika mannsins, munu geta fengið nægilegar sannanir og fullnægjandi svör við ýmsum spurningum, ef þeir eru þolinmóðir og þrautseigir við sambandstilraunirnar. Ég er þakklátur öllum þátttakendum, er hér nú sitja. Mjög eru margir á öðrum stjörnum, er vilja við ykkur tala, og þeir munu senda mikinn kraft og styrk, með samstilltum huga. Þetta skuluð þið athuga, nýju þátttakendur hér, hvað hver einstaklingur er þýðingarmikill, og getur margra hugarfar stuðlað að framförum og að auknum möguleikum. Alir þurfa að bæta sína hugsun og lífernir, er í slíkum tilraunum eru þátttakendur. Þarf vel að undirbúa slíkt dagsdagslega, með góðu hugarfari og rétttri breytni, undir fundi þessa.

Ingvar Agnarsson,
ritaði jafnóðum og talaðist.

Miðilsfundur 7. júní 1971

Óðinn: Mig langar að segja ykkur nokkuð frá mínum hnetti. Vetrarbraut sú, sem ég á heima í er í 67 milljón ljósára fjarlægð frá ykkar vetrarbraut. Svo góð er framvindan í okkar vetrarbraut, að heita má, að hver byggður blettur sé í fullkomnu lífsbandi.

Pétur Rafnsson: Nú er ég mjög glaður. Ég er að verða mjög magnaður. Mér fer fram óðfluga. Bráðum á ég að fá að fara í

ferð, með leiðangri, sem á að taka á móti nýkomnum innflytjendum til þessa hnattar. Ég hlakka mjög mikið til.

Jónas: Ég er farinn að geta notfært mér þann merkilega kraft, sem þarf til þess að geta farið í heimsóknir til annarra hnatta. Nú er ég staddur í skyndiheimsókn í stöð Helga Pjeturss, og tala við ykkur þaðan

(Jónas talaði í Sveini, en á meðan var Sigurður í sterku sambandi, og tók á sig greinilega andlitsdrætti Jónasar, niðursett munnvik, og jafnvel slappar kinnar. Einnig gaf hann frá sér hóstakjöltur, sem líktist hósta þeim, sem Jónas hafði í lifanda líffi).

Sveinn Víkingur (dó í fyrradag, 5. júní): Ég er þá nú í sambandi við ykkur. Eruð þið ekki þar sem kallað er á jörðinni? Ég veit ekki vel hvar ég er, en það er á einhvers konar jörð. Ég er enn ruglaður í þessu. Ég bjóst alls ekki við að koma fram á svona stað. Ég hef rótað í jörðinni hér með tánum, og þetta virðist vera mold, ég hef tekið hnefafylli af mold, og hún er alveg eins og á jörðunni. Ég skil þetta ekki enn. Ég hef horft upp, séð í heiðbláan himin, og þunnar skýjaslæður. Ég kom fyrst fram úti, og þar var gras allt í kring. Ég var allsnakinn, en það er nú búið að bæta úr því. Ég hef séð fjöll og annað landslag hér. Vinir og ættingjar, löngu dánir, hafa komið og heimsótt mig. Þeir segja mér, að ég ætti að fara á hressingarhæli eða spítala. En ég hef nú meiri áhuga á að átta mig á þessu öllu saman. Þetta er allt svo ólíkt því, sem ég hafði gert mér í hugarlund.

*Ingvar Agnarsson,
ritaði jafnóðum og talaðist.*

TIL ÁSKRIFENDA LÍFGEISLA

Með þessu hefti, sem er nr. 16, hefst 4. árgangur Lífgeisla. Er ætlunin, að á þessu ári, 1978, komi út eigi færri en 5 hefti, og sé hvert þeirra 36 bls., eins og verið hefur undanfarin þrjú ár.

Fjölgun áskrifenda. Mjög væri æskilegt, að áskrifendum gæti fjölgað sem mest á þessu ári, og mundi það mjög létta undir með kostnaði við útgáfu þessa rits. Enda er tilvera þess m. a. komin undir fjölda áskrifenda.

Verðhækkun. Árið 1975 var áskriftarverðið kr. 500,00, en

hækkaði upp í kr. 1000,00 árið 1976. Þetta sama verð, kr. 1000,00 var látið halda sér árið 1977, þrátt fyrir miklar hækkanir það ár á pappír og prentun, eins og raunar á öllum öðrum sviðum.

Á þessu ári, 1978, verður ekki hjá því komist, vegna stöðugra hækkana, að hækka áskriftarverð ritsins í kr. 1500,00. Vonast ég eftir, að enginn láti þessa hækkun aftra sér frá að halda áfram áskrift að ritinu.

Efni blaðsins. Við og við hafa í ritinu birst áskoranir til lesenda þess, um að senda til birtingar eitt og annað efni, til að auka sem mest á fjölbreytni þess í efnisvali. Er á þessu hin mesta nauðsyn, og vil ég enn beina þeim tilmælum til allra velunnara *Lífgeisla*, að þeir sendi ritinu efni til birtingar. Flestir hafa frá ýmsu að segja: Draumar, fyrirbæri ýmiskonar, hugleiðingar um lífið og tilveruna, árangur af miðilstilraunum, væru meðal efnis, sem vel væri þegið. Flestir hafa frá einhverju merkilegu að segja, en allt of margir veigra sér við að segja opinskátt frá reynslu sinni, og eiga erfitt með að setjast niður til að skrifa það, sem þó er frásagnarvert. Þessi hlédrægni þyrfti að breytast.

Tilgangur Lífgeisla er að vekja sem flesta til náttúrufræðilegs skilnings á eðli lífsins í alheimi, og þar með um stöðu mannlífsins á okkar jörð. Að skilja eðli lífsins og samband þess við líf í alheimi, er undirstaða þess, að takast megi að breyta stefnunni frá þeim hættulega vegi, sem nú er farinn. *Lífgeislar* vilja eiga einhvern þátt í þeirri viðleitni, og óska eftir að sem flestir vilji vera þar þátt-takendur.

Helgi Pjeturs taldi íslenska þjóð hafa mikilvægu hlutverki að gegna meðal þjóða heims; því hlutverki, að leiða mannkynið úr þeim ógöngum, sem það nú er í og sem virðast fara versnandi. Og hann lagði þær undirstöður, sem aðrir vísindamenn eru nú stöðugt að byggja ofan á.

Breytt heimilisföng. Mjög væri æskilegt, að þeir lesendur *Lífgeisla*, sem flytja búferlum, láti vita um breytt heimilisföng, því annars er ekki unnt að koma ritinu til skila.

Árgjöld. Á sl. ári, 1977, voru gíróseðlar ekki sendir út til áskrifenda, en vonast eftir, að þeir sendu árgjöld sín af eigin hvötum. Og sú hefur orðið raunin, að meirihluti áskrifenda hefur samt greitt árgjöld sín. Þeir, sem enn hafa ekki sent gjöld fyrir árið 1977, eru hér með beðnir að bæta úr þessu, við fyrsta tækifæri.

Lífgeislar óska öllum lesendum sínum farsældar á nýbyrjuðu ári.

Ritstj.

Draumar og svefn

er fjórða bók Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum. Hún er 84 bls. í Nýalsbroti. Kaflafyrirsagnir gefa hugmynd um efni bókarinnar:

Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má (þýðing)
Draumar og svefn
Hvað dreymdi þig í nótt?
Er mark að draumum?
Samdreymi tveggja
Endurtekning drauma
Mótunarvald minninganna
Ótvíræð dæmi
Þrír draumar
Koffortslykillinn
Ekki „yfirskilvitlegt“
Hið skiljanlega og hið óskiljanlega
Árétting
Góð athugun
Undirvitundar- og sambandsskýring
Í hverju skyggni er falin
Sambandsskyn en ekki sálfarir
Um gamla athugun
Lítil athugun
Eftirtektarvert dæmi
Svefn og dauði
Flug
Sýn til annarra jarða
Kraftur frá stjörnunum
Skrifað í dagbók — að kvöldi 24. janúar 1973.
Eftirmáli

Bókin kostar kr. 700,00 og er til sölu hjá

FÉLAGI NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159,
Reykjavík.

ASTROBIOLOGY

eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Stjórnuhröp (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls. 182
Út úr þokunni — gegn dulrænunni P. J.	— 183
Endurfæðing í ljósi kenninga dr. Helga Pjeturss P. Á.	— 185
Nokkur sannleikskorn um tilveruna (með mynd) I. A.	— 187
Lífernisfræði í ævintýrum H. C. Andersens I. A. ...	— 190
Lífgeislan og efnisgeislan I. A.	— 193
Frá Burdlík P. G.	— 194
Um draum Bólu-Hjálmars (sjá bls. 197) P. G.	— 195

LJÓÐ:

Draumur Bólu-Hjálmars H. J.	— 197
----------------------------------	-------

DRAUMAR:

Draumur um tvö dýr I. A.	— 200
Draumur um fatnað í verslun I. A.	— 200
Að vakna upp framliðinn. — Draumur St. H.	— 201
Draumur um svif undir heiðum himni I. A.	— 202

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 10. október 1976 Sigurður Ólafsson.	— 204
Miðilsfundur 14. október 1972 að Úlfsstöðum ... Dungal. — Bæringur Einarsson. — Jónmundur Halldórsson.	— 206
Miðilsfundur 26. mars 1974 Ónefndur maður. — Kjarval. — Haraldur Níelsson.	— 210
Miðilsfundur 7. júní 1971 Óðinn. — Pétur Rafnsson. — Jónas. — Sveinn Víkingur.	— 211

MYR:

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar ...	— 194
Úr Gunnlaugssögu ormstungu	— 196
Spakmæli úr ljóðum Þorsteins Jónssonar	— 199
Leiðrétting I. A.	— 203
Til áskrifenda Lífgeisla I. A.	— 212
Draumar og svefn (auglýsing)	— 214
Astrobiology (auglýsing)	— 215